



Ísafjarðarbær  
Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 26. mars 2019  
Tílv.: UMH19020032/10-03

— — — — — Vísað er til erinda yðar, dags. 4. og 5. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir samþykki ráðuneytisins til að selja fasteignirnar að Seljalandsvegi 100 og 102, Ísafirði með kvöð um skerta viðveru frá 1. nóvember til 30. apríl ár hvert.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða skal tryggja öryggi á hættusvæði C í þéttbýli með varanlegum varnarmannvirkjum eða uppkaupum íbúðarhúsnæðis. Báðar leiðir voru farnar vegna ofanflóðahættu undir Gleiðarhjalla á Ísafirði, þ.e. byggðir voru varnargarðar auk þess sem eignirnar að Seljalandsvegi 100 og 102 voru keyptar upp með aðstoð ofanflóðasjóðs með vísan til 1. mgr. 11. gr. laga nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum þar sem varnir náðu ekki til þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. sömu laga er nýting eigna sem keyptar hafa verið af sveitarfélagi með aðstoð ofanflóðasjóðs háð samþykki ráðuneytisins.

Fordæmi eru fyrir nýtingu húsa á hættusvæði ofanflóða, t.d. í Hnífsdal og Súðavík, þar sem fallist var á nýtingu húsa, sem ekki yrðu rifin eða flutt af hættusvæði, til sumardvalar með þeim skilyrðum að dvöl í þeim væri óheimil á tímabilinu 1. nóvember til 30. apríl.

Fyrir liggur jákvæð umsögn Veðurstofu Íslands, dagsett 20. mars 2019, um fyrirhuguð áform um sölu og nýtingu eignanna.

Í ljósi framangreinds er Ísafjarðarbæ heimilað að selja eignirnar að Seljalandsvegi 100 og 102, Ísafirði, með eftirtöldum kvöðum um notkun þeirra, endurbyggingu sem skal þinglýst við sölu þeirra og greiðslu bóta vegna skemmda:

(a) Dvöl í húsunum er óheimil yfir vetrartímann, þ.e. frá 1. nóvember til 30. apríl, sbr. kvaðir sem settar voru á notkun húsa í Súðavík. Frávik frá þessu, hvort sem eru til rýmkunar eða þrengingar á notkun eignarinnar, skulu í sérstökum tilvikum, ákveðin af lögreglustjóra í samráði við almannavarnarnefnd staðarins og Veðurstofu Íslands.


- (b) Óheimilt er að endurbyggja húsin ef þau verða fyrir umtalsverðu tjóni.  
(c) Verði húsin fyrir skemmdum af völdum ofanflóða mun Ofanflóðasjóður ekki greiða bætur vegna skemmdanna til eigenda þeirra.

Samráð skal haft við stjórn Ofanflóðasjóðs varðandi töku tilboða í eignirnar. Jafnframt skal andvirði eignanna fara til sjóðsins í samræmi við framlag til sveitarfélagsins vegna kaupanna.

Framangreint tilkynnist yður hér með.

Fyrir hönd ráðherra

  
Steinunn Fjóra Sigurðardóttir

  
Marianna Said